



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

4. töl. 2008, - 18. árg.

Apríl 2008

Guðspjónusta

Næsta guðspjónusta verður á hvítasunnudag 11. maí 2008 kl. 14:00 í kirkju Mótmælenda á 5 rue de la Congrégation í Luxembourg.



Sr. Sigurður Arnarson mun predika og þjóna fyrir altari. Fermdur verður Örn Freyr Jóhannsson.

Ráðgert er að söngur verði í höndum íslenska kórsins í London ásamt kórnum hér í Luxembourg.

Fyrirhugað er að vera með hátíðlegan kvöldverð - hlaðborð, laugardagskvöldið 10. maí kl. 19:00, á Arizona Lounge.

Allir eru velkomnir og tilhlökkun að hlusta á hæfileikafólkið frá London, bæði einsöng og kór.

Bókið tímanlega.

Borðapantanir í sínum:

Arizona Lounge sími 26 701 490
Sigrún Pétursd. sími 621 192 422
Dögg Pétursd. sími 621 273 925

Kirkjunefnd og stjórn FÍL

Ísland í Brussel



Íslandskynningin í Brussel "Iceland on the edge" sem hófst þann 26. febrúar í Brussel í Belgíu mun standa fram í júní.

Á dagskrá hátíðarinnar eru menningarviðburðir, kynning á viðskiptum, ferða- og ráðstefnumál og orkumál.

Skoðið nánar á www.bozar.be
ruv.is/netpostur/ritstjori

Golfmót FÍL

Golfmót FÍL var haldið 18. apríl síðastliðinn í Golf Club Grand Ducal í Luxembourg.

Keppendur sem mættu til leiks voru 23 samtals, þar sem skipt var í sex lið og spilað með "texas scramble" fyrirkomulagi.

Ágætlega var mætt í kvöldverð sem haldinn var eftir golfmótið, alls 31 manns sem þóttist takast mjög vel. Allir, flugmenn og bankamenn og frýr þeirra skemmtu sér hið besta saman.



Vinningsliðið: F.v. Tóti Sæm, Guðjón, Pétur og Auður, spiluðu á 6 undir pari vallar.



Liðið í öðru sæti: F.v. Björn Finnbjörnsson mótstjóri, Dysta, Ásgeir og Bjargey, spiluðu á 5 undir pari.



Skussarnir sem fengu líka glaðning ásamt mótstjóranum. F.v. Einar, Björn, Ellen, Linda og Brian.

Stjórn FÍL þakkar þátttakendum fyrir skemmtilegar stundir, óskar vinningshöfum til hamingju með sigurinn og mótstjóra fyrir mikil og góð störf.

Hörður Torfason

Söngvarinn og ljóðaskáldið Hörður Torfason var með tónleika á Check - Inn 11. apríl síðastliðinn.



Viðstaddir voru mjög ánægðir með tónleikana og það myndaðist mjög skemmtileg stemning í salnum. Hörður hafði meðferðis hluta af CD safninu sínu og enn er hægt að nálgast tónlistina með því að hringja í síma 356 593 eða senda e-mail á hknudsen@pt.lu

Laufey Ármannsdóttir

Aðalfundur FÍL

Aðalfundur FÍL verður auglýstur formlega innan tíðar.

Þeir sem hafa áhuga á að bjóða sig fram til stjórnarstarfa hafið samband við formann stjórnar sem allra fyrst.
Stjórn FÍL

Spinning kennarar

Top Squash stendur fyrir námskeiði fyrir þá sem hafa áhuga á að fá réttindi til að kenna Spinning. Um er að ræða tveggja daga námskeið, 3. og 4. maí frá klukkan 10:00 til 18:00 báða dagana. Verð: € 300
Áhugasamir hafi samband við Dís í síma 621 270 238 eða e-mail: dis.bond@topsquash.lu

Dís Bond
Top Squash Fitness & Leisure
Tel +352 357 181
www.topsquash.lu

Rope Yoga

Nýtt námskeið hófst þann 8. apríl síðastliðinn og stendur það til 19. júní 2008. Enn eru pláss svo endilega skráið ykkur.
Sjá nánar á bls. 2

Elísabet A. Finnbogadóttir

Í þessu blaði:

Guðspjónusta	1
Golfmót FÍL	1
Aðalfundur FÍL Spinning kennarar	1
Ísland í Brussel	1
Hörður Torfa í Lux Spinning kennarar	1
Rope Yoga	1
Hestamannamót Leiklistarnámskeið	2
Mér finnst ... Ræðismaðurinn fluttur	2
Fullkomin	2
Ritgerðir nemenda	2
Til umhugsunar	3
Ráðagóðahornið	3
Heilsuhornið	3
Because movement matters	3
Ljóska og lánið	3
Gisting á vestfjörðum	3
Eric Clapton á Íslandi	3
Litlu dálkarnir	4



Á döfnni:

- Guðspjónusta 11. maí
- Rope Yoga, skrá sig!
- Iceland on the edge BOZAR EXPO til 15. júní
- Spinning námskeið 3. - 4. maí
- Hestamannamót 30. maí
- Eric Clapton á Íslandi í ágúst



Rope Yoga námskeið

Enn eru laus pláss á námskeiðið sem hófst 8. apríl og verður til 19. júní

KENNSLA FER FRAM Í
TOP-SQUASH SANDWEILER

2x70 mín. á viku

Þriðjudaga + fimmtudaga

Fyrri hópur 8:30 - 9:40

Seinni hópur 9:55 - 11:05

Einnig í boði einkatímur í Ehnun

70 mín. og 90 mín.



Markmið námskeiðsins er að nemendur njóti betri tengsla við eigin líkama og huga. Lögð er áhersla á andlegt og líkamlegt atgervi og að nemandinn öðlist aukinn styrk, samhæfingu og liðleika. Farið er í gegnum heilsuræktarkerfi Rope Yoga í bekkjunum og kenndir grunnþættir öndunar og slökunar, ásamt teygju- og flæðiæfingum. Farið er í undirstöðuatriði 7. þrepa hugræktar-kenninga Rope Yoga með sérstaka áherslu á að efla jákvæða sjálfsmynd.

Skráning er á e-mail elisabet@pt.lu og í síma 621 266 578

Elisabet A. Finnbogadóttir

Hestamannamót

Tíunda alþjóðlega hestamannamótið með hesta frá Íslandi verður haldið í Schrassig dagana 30. maí og 1. júní næstkomandi.

Mót þetta hefur verið haldið annað hvert ár. Nánar auglýst síðar.

Albert Schiltz
Tel +352 356 072
E-mail a.schiltz@pt.lu

Leiklistarnámskeið

LEIKLISTARNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA



Fyrirhuguðu leiklistarnámskeiði fyrir börn og unglunga dagana 11. - 18. maí næstkomandi hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Stjórn Spuna

“Mér finnst....”

Ritstjóri birtir hér að neðan bréf frá félagsmanni FÍL, Sólveigu Stefánsdóttur, þar sem hún bendir á sjónvarpsþátt sýndan á Íslandi þann 16. apríl síðastliðinn þar sem Luxembourg og íbúar landsins koma til afar sérkennilegrar umræðu.

Í gestabók þáttarins (merfinnst.blog.is) er hægt að koma skoðunum sínum á framfæri og fylgir hér að neðan skoðun annars félagsmanns FÍL, Margrétar Rósu Jóhannesardóttur á orðum stjórnenda þáttarins og munu eflaust margir Íslendingar í Luxembourg taka undir orð Margrétar Rósu.

Til ritstjóra Brúarinnar: “Þið ættuð endilega að segja frá þættinum “Mér finnst” í Brúnni, sem var sýndur þann 16.04.08 á INN. Það er hægt að horfa á þáttinn á netinu á www.visir.is Þetta er slóðin á þáttinn;

<http://vefmidlar.visir.is/VefTV/?channelID=INN&programID=7ac061d0-52d9-471f-971c-84d592bc22af&mediaSourceID=50aa550b-d5e8-4c0e-ba3c-d4e0372ca014>

Sólveig Stefánsdóttir

“Sælur stelpur

Ég hlusta stundum á upptökur með ykkur, þegar ég er bundin við eldhúsvaskinn. Ég stilli tölvunni á eldhúsbörðið hjá mér og hlusta svo á blaðrið í ykkur og hef oft gaman af. Ég er nefninlega heimavinandi húsmóðir og það meira að segja í Luxembourg. "Hversu slæmt getur það orðið"

En í gær svelgdist mér á freiðivíninu þegar ég hlustaði á ykkur tala um Luxembourg. Hvað er eiginlega langt síðan að þið hafið komið til Lux?

Hér hefur margt breyst á liðnum árum alveg eins og á Íslandi. Kannski fara sumir snemma að sofa, ég veit það ekki, en fólkíð hér djámmar til morguns alveg eins og Íslendingar. (Hvað er annars að því að fara snemma að sofa, byrja fyrr og enda fyrr?).

Þið segið ekkert bíó. Það hafa verið kvikmyndahús hér í áratugi. Í dag er flott kvikmyndahús (Utopolis) með marga stóra sali og stærstu kvikmyndatjöld í Evrópu. Í kvikmyndahúsinu eru einnig veitingastaðir og barir svo maður getur fengið sér eitt glas áður en maður fer í bíó ef maður vill. Það er gaman að fara í bíó í Lux.

Í Luxembourg er nýtt stórglæsilegt óperuhús.

Í Luxembourg eru leikhús.

Í Luxembourg eru kvikmyndaver.

Í Luxembourg eru skólar á háskólastigi. Sum fög er hægt að klára þar. Sumt er hægt að sækja í skóla hinum megin við landamærin og vítt og breitt um Evrópu. Það háir ekki Luxemborgurum sem eru jafnvígur á fönsku og þýsku, þar að auki tala flestir ensku og allir luxemborgísku.

Synir mínir sem eru fæddir hér og uppaldir tala allir 5 tungumál og eru jafnvígur á þeim öllum.

Þið segið, leiðinlegt í Luxembourg!

Sonur minn bjó í eitt ár á Íslandi. Hann var í góðri vinnu og bjó með íslenskri kærustu. En hann var vansæll, honum leiddist ógurlega, fannst, kalt, dýrt, dimmt og hundleiðinlegt á Íslandi. Hann segist aldrei fara þangað aftur, nema sem gestur. Hann er alsæll að vera kominn aftur til Lux. Honum finnst ofboðslega gaman í Lux.

Ég er ekki alveg sammála syni mínum, ég tek það fram. Mér finnst alltaf dásamlegt að koma heim til Íslands og sakna vina og ættingja. Alltaf með heimþrá.

En sumir sem hafa búið í Lux. hafa verið neikvæðir gagnvart lífinu hér og flutt heim. En viti menn, þeir eru enn neikvæðir. Ef maður er með vandamál, skilur maður þau ekki eftir hinum megin við hafið.

Stelpur mínar, komið þið til Lux. sjáið og sannfærist. Það er gaman í Lux!

Kveðja frá húsmóður "bak við" eldaveína.

Húsmóðir (Óskráður, IP-tala skráð), fim. 17. apr.
Margrét Rósa Jóhannesdóttir

Ritstjóri þakkar þeim stöllum Söllu og Möggu Rósu fyrir að deila þessu með okkar og bendir á að hægt er að senda inn skoðun sína á merfinnst.blog.is

Fullkomin

Ef ég gæti upprætt allt í fari mínu, allt sem að þú lætur far'í taugarnar á þér, yrði ég fjarska fullkomin í hugarskoti þínu. En fjandakornið, mundi ég nokkuð líkjast sjálfri mér?

Íris Þorkeldsdóttir

Ritgerðir nemenda

Kennari í barnaskóla var einhverju sinni að hlýða pilti yfir Faðirvorið. Sjálfsgagt hefur stráknum legið reiðinnar býst á því undir lok bænarrinnar mátti heyrna hann segja; "eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss í hvelli."

Ræðismaðurinn fluttur

Ræðismaðurinn í Luxembourg flutti aðsetur sitt þann 31. mars síðastliðinn.

Roland Frising
16 rue Notre-Dame (1st floor)
L-2240 LUXEMBOURG

Telephone +352 22 97 13 300
Fax +352 22 97 13 301
E-mail frisingr@pt.lu

Ef áriðandi mál koma upp þegar skrifstofan er lokuð þá er hægt að hringja í sendiráðið í Brussel í síma +32 2 238 5000.

Ritstjóri



Eric Clapton



Sníllingurinn Eric Clapton ásamt hljómsveit kemur fram á tónleikum á Íslandi í Egilshöll föstudagskvöldið 8. ágúst næstkomandi á Evróputónleika-

ferð sinni vegna útgáfu tvöföldu safnskifunnar Complete Clapton sem inniheldur 36 lög frá rúmlega 40 ára ferli Claptons..

Rúmlega 10.000 aðgöngumiðar verða í boði á tónleikana á www.miði.is og á afgreiðslustöðum miði.is.

Netpóstur /Ritstjóri

Ljóska og lánið

Ein flott ljóska kemur inn í banka í Reykjavík og biður um bankalán. Hún segist þurfa að fara til suður Evrópu í verslunarferð og þurfi að fá 50.000 krónur lánaðar.

Starfsmaður bankans segir henni að bankinn þurfi tryggingu fyrir láninu. Hún afhendir honum lykila að nýjum Bens sem stendur á bílastæði fyrir utan bankann og allir eru sáttir.

Bankastarfsmaðurinn og aðrir innan bankans eru virkilega stoltir yfir að ljóska skuli stilla upp nýjum Bens, að verðmæti 18-millj, sem tryggingu fyrir 50.000 krónum. Starfsmaður bankans kemur bílnum fyrir í bílageymslu bankans.

Tveimur vikum seinna kemur ljóska aftur, og borgar sínar 50.000 krónur, plús 310 krónur í vexti. Bankamaðurinn segir við hana "við erum virkilega ánægðir með að þú sóttir um lán hjá okkur." En við erum pínulítið forvitnir því á meðan þú varst í burtu þá athuguðum við þig og komust að því að þú ert margfaldur milljónir. Hvers vegna, vildirðu 50.000 króna lán?

Ljóska svarar: "Hvar annars staðar í Reykjavík, get ég geymt bílinn minn, í tvær vikur, fyrir 310 krónur"

Netpóstur/Ritstjóri

"Because movement matters"

Forget Diets, become nutritionally responsible

Diets don't work!

To some, who have tried every diet there is, this will not come as a surprise. The word "diet" gives the impression of various calorie restricted, low fat, low carb, low something or other!!! However the actual word "diet" is used incorrectly in many situations, we all have a "diet", it is the food we choose to eat regardless of whether it is good or bad. The phrase "going on a diet" is wrong because we already have a diet.

Anyway now I have destroyed the title and first line of this article, let me explain why we should become nutritionally "responsible" instead of "going on a diet."

www.getfit.lu and www.corporateathlethehandbook.com

Feel free to call or email me

Tim Goodwin
contact@getfit.lu
+352 621 457 222

Til umhugsunar

HVAÐ ER AA (Alcoholics Anonymous) AA-samtökin (alcoholics Anonymous) eru félagsskapur karla og kvenna sem samhæfa reynslu sína, styrk og vonir svo þau megi leysa sameiginlega vandamál sitt og séu fær um að hjálpa öðrum til að losna frá áfengisbólinu.

TIL AÐ GERAST AA-FÉLAGI ÞARF AÐEINS EITT...

LÖNGUN TIL AÐ HÆTTA AÐ DREKKA.

Inntöku og félagsgjöld eru enginn en með innbyrðis samskotum sjáum við okkur efnalega farborða.

AA-samtökin eru sjálfstæð heild og óháð hvers kyns félagsskap öðrum. Þau halda sig utan við þras og þrætur og taka ekki afstöðu til opinberra mála. Höfuðtilgangur okkar er að vera ódrukkinn og að styðja aðra alkóhólísta til hins sama.

AA fundir í Luxembourg
100 Rue de Hollerich
L-1026 Luxembourg

Íslenskir fundir þriðjudaga kl. 20:30

Enskir fundir

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 20:00

Sunnudaga kl. 10:00

DAÐURINN Í DAÐ

Í dag ætla ég að laga mig eftir aðstæðunum en ekki að reyna að breyta öllu í það horf, sem mig langar til sjálfan.

Í dag ætla ég að vera ánægður. Ég ætla að trúá því sem Abraham Lingoln sagði; að flestir eru eins ánægðir og þeir ásetja sér að vera.

Maria Huesmann Karlsdóttir
Counselor/Consultant IC&RC
Tel. +352 358 556
E-mail huesmann@pt.lu

Gisting á vestfjörðum

MÁNAFELL - ÍBÚÐAGISTING Í BOLUNGAVÍK



Þjóðum einstaklega notalegar, fullbúnar íbúðir í fallegu sjávarþorpi á norðanverðum Vestfjörðum til leigu í lengri eða skemmri tíma. Uppabúin rúm eða svefnpokagisting.

Áhugasamir hafi samband samkv. neðangreindu.

Heimasíða www.orkudisa.com

Arndís Hjartardóttir
+ 354 863 3879
+ 354 892 1616

Elísabet A. Finnbogadóttir
+ 352 26 747 440
+ 352 621 266 578

Ráðagóðahornið

Þrif á örbylgjuofni

Oft getur það reynst erfitt að finna réttu efnin og aðferðina við að þrifa örbylgjuofninn.

Allir kannast við hversu tímafrekt og leiðinlegt það er að þrifa örbylgjuofninn. Matarslettur festast vel og vandlega vegna hitans sem örbylgjurnar flytja og oft virðast venjuleg hreinsiefni ekki ná langt í að vinna á drullunni. Auk þess þarf að finna efni sem þrifur, hratt, örugglega, vel og eittrar ekki matinn.

Sneiðið sítrónu í nokkrar sneiðar og setjið í skál með vatni. Stingið svo skálinni í örbylgjuofninn og setjið hann af stað í svona 10 mínútur.

Eftir þetta er enginn vandi að strjúka yfir ofninn með rakri tösku, óhreinindin eru öll á bak og burt og í húsinu verður hressandi sítrónukeimur. Ef örbylgjuofninn er mjög skitugur er um að gera að endurtaka allt ferlið.

Ritstjóri / netpóstur

Heilsuhornið

Varúð !!!! Fótasveppur

Á hverju ári þegar við finnum vor í lofti, þá kemur upp sú hugsun hjá okkur: "Ég verð að gera eitthvað fyrir mig. Grennast svo að ég geti farið á baðstaði og í sundlaugarnar."

Ég byrja á megrunarkúr og göngutúrum, því að það er eitt að bestu megrunaraðferðum sem til eru. Því miður hef ég ekki neina sundlaug í garðinum mínum, verð þess vegna að fara í almenningssundlaug. En þar get ég boðið hættunni heim, því í almenningssundlaugum er smitun á að fá fótasvepp gífurleg, þrátt fyrir að þar sé reglulega allt sóttthreinsað.

Fótasveppurinn er sýking sem er útbreidd um alla Evrópu, þess vegna er mjög erfitt að glíma við hann. Sveppurinn sækir í mjúka holdið á milli tanna og í neglurnar. Holdið verður rautt og springur og það getur komið kláði.

Sveppurinn lifir best þar sem holdið er heitt og rakt, þar af leiðandi eru fæturinn hans bækistöð því að fæturnir hafa mestu svitakirtla líkamans. Tærnar liggja þétt að hvorri annarri, svo eru sokkarnir og skórnir sem halda hita og raka í réttu hitastigi. Það eru allir í hættu fyrir þessari sýkingu, en við getum passað okkur ef við getum þetta:

Ekki ganga berfætt á flísunum eða á gólfinu.

Þvo fæturnar (helst) daglega og muna að þurrka vel á milli tanna.

Handklæðið sem farið er með í sund, í þvottavélina.

Skipta um sokka daglega og þvo helst á 60 gráðu hita.

Ekki vera í gervískóm, því að fæturinir geta ekki andað.

Ganga eins oft berfætt úti í grasi og mögulegt er.

Ef vart er við einkenni af fótasvepp, ráðlegg ég þetta:

Leitið lækni strax, það eru til mjög góð smyrsl gegn sveppnum.

Sigrún R. Ingvarsson



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varaformaður,	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183



Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir	formaður,	691 598 598	ingahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Basar International í Luxembourg

Herdís Þórisdóttir (Dísa)	formaður	350 206	
Tekla Skowronski	varaformaður	455 751	
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006	691 741 858
Guðný V. Benediktsdóttir	(innkaupast.),		661 200 206
Hjördís Ingvarsdóttir,			621 485 563

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Handbók foreldra sem eru að byrja að gefa börnum sínum fasta fæðu. Bókin kostar 3.750 kr. ísl. og er seld á www.bibiogblaka.is Sendingarkostnaður er enginn.

Íslenskur fiskur og kjöt til sölu
Spyrjast fyrir og pantíð hjá Icekost. Netfang icekost@t-online.de símar eru +49 4298 466 826 og +49 178 9055 862

Íslenskt í ScanShop

Eins og áður hefur komið fram þá er íslenskt skyr komið í sölu í ScanShop svo og malt, appelsín, mix og fullt af sælgæti frá Nóa Sírius. Verslunin ScanShop er á 615 rue de Neudorf, L-2220 Luxembourg.

Tilkynningar

Veiti vorafslátt á vatnslitamyndum 10%, 20% og 30%. Hafið samband. Sigrún Rosenberg s. 358 207 og Gsm 661 919 161.

Au Pair

Hef áhuga á að koma sem au pair hjá góðri fjölskyldu, er 18 ára, er í Hússtjórnaðarskólanum á Hallormstað tala ensku og smá spænsku og hef áhuga á að læra frönsku. Frekari upplýs. veitir Snæfríður á email snae407@gmail.com.

Gisting við ævintýraheim Arnarhreidursins

Helga Þóra Eder rekur fallett gistiheimili sem nefnist Friðartún í Þýsku Ölpunum. Friedbichlweg 14, 83471 Schönau am Königssee. Sími: +49 8652 4123 Gsm +49 1609 607 74 32 www.friedwiese.de/isl.htm E-mail eder@friedwiese.de

Símaskrá

Breytingar

Einar L. Gunnarsson
Kristín M. Sigurðsson
E-mail einar.kristin@gmail.com

Gunnar Thoroddsen
Auður Stefánsdóttir
1 rue des Lavandes
L-8022 STRASSEN

Haukur A. Eyjólfsson
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir
Gsm HAE 621 297 675
Gsm SBS 691 964 040

Kristinn Már Gunnarsson
Kirsten Gunnarsson
Am Feldbrand 11
D-40667 MEERBUSCH

Torfi Rafn Halldórsson
Laufey Vilhjálmisdóttir
3 rue Sangels
L-5425 GOSTINGEN
Sími 26 747 901
laufeyvil@gmail.com

Nýjir meðlimir

Kristján Árnason
Sigurlaug Erla Gunnarsdóttir
8 rue Raoul Follereau
L-1529 LUXEMBOURG
Sími 26 683 449
Gsm KÁ 621 316 990
Gsm SEG 621 1999099
E-mail KÁ kidmo@mmedia.is
E-mail SEG sigurlaug@landsbanki.lu

Áhugaverðar heimasíður

elvbjorg.blog.is
www.adclux.info
www.ets.lu
www.e-ticket.lu
www.katabox.com
www.luxembourgticket.lu
www.popconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Börnin búa til sín eigin orðtök, málshætti eða mismæla sig, skoðum nánar;

“Ugla sat á Kristi”